

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 33/2004,**  
**um varnir gegn mengun hafs og stranda.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „í landhelgi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

10. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: *Mengunarlögsaga Íslands*: Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. október 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Sigríður A. Þórðardóttir.*